

AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytta útgáfu af brautalýsingum skv. gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, sem birt var með auglýsingu nr. 661/2004, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Í stað brautarlýsingar framhaldsnáms sjúkraliða (SF) á bls. 1668 og 1669 í auglýsingu nr. 661/2004, um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum, kemur ný brautarlýsing svohljóðandi:

Framhaldsnám sjúkraliða (SF)

43 ein.

Framhaldsnám sjúkraliða hefur þann tilgang að auka færni og þekkingu sjúkraliða til þess að hjúkra öldruðum í samræmi við markmið hjúkrunar og nýjar hugmyndir í öldrunarfræðum, en einnig að auka sjálfstæði og ábyrgð sjúkraliða í störfum sínum innan og utan stofnana. Námið er samtals 43 einingar, tekur tvær annir í skóla og jafnframt er gert ráð fyrir 8 vikna starfsþjálfun undir leiðsögn hjúkrunarfræðings á stofnun fyrir aldraða.

Brautarlýsing

Heilbrigðisfræði	HBF 303	3 ein.
Hjúkrun	HJÚ 133 234 334	11 ein.
Hjúkrun, verkleg	HJV 108	8 ein.
Inngangur að kennslufræði	IAK 102	2 ein.
Lífeðlisfræði	LOL 312 412	4 ein.
Lyfhrifafræði	LHF 213	3 ein.
Sálfræði	SÁL 132 232	4 ein.
Stjórnun	STJ 102	2 ein.
Upplýsingatækni	UTN 113 213	6 ein.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 26. september 2006.

Borgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.